Fréttaveita Sambands stjórnendafélaga | Júní 2023

STF-tíðindi

40. þing STF á Húsavík

Stjórnendur komu saman til sambandsþings á Húsavík í byrjun maí sl. og ræddu hagsmunamál sín í þaula. Við segjum frá þinginu í máli og myndum í blaðinu.

Mikil tækifæri í samstöðunni

„Ég er sannfærður um að það eru gífurlega mörg tækifæri fólgin í samstöðunni og ég mun sem nýr forseti leggja mig fram um að auka samstöðuna og tala menn saman til góðra ákvarðana. Það er augljóst af umræðunni innan STF síðustu ár að forystumenn sumra félaga vilja renna þeim saman í stærri einingar en aðrir vilja reyna á samstarf okkar með öðrum hætti. Þarna verða menn að fara sínar leiðir en aðalatriðið er að gera þetta vel og gera þetta saman," segir Bjarni Þór Gústafsson, nýr forseti STF í samtali.

Í lok viðtalsins segir Bjarni Þór: „Það eru spennandi tímar fram undan og mikilvægt að við leggjum okkur öll fram um að styrkja félagsheildina með hag félagsmanna okkar að leiðarljósi. Ég er klár í slaginn."

Sjá bls. 6

Gáttaður á rausnarskap

Forsvarsmenn STF færðu sjúkrahúsinu á Húsavík 1.750.000 kr. að gjöf í tilefni sambandsþingsins þar nyrðra. Jóhann Johnsen, yfirlæknir tók við gjöfinni og kvaðst bókstaflega vera gáttaður á þessum rausnarskap.

Sjá bls. 29

FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA

Millistjórnandinn

Jóhann Baldursson, framkvæmdastjóri STF

Millistjórnandi er mikilvægur hlekkur í hverju fyrirtæki og ef hann rofnar þá er fyrirtækið ekki í góðum málum. Því er mjög mikilvægt að oflesta ekki millistjórnandann sem er því miður oft gert með alvarlegum afleiðingum. Nú á tímum hægræðingar og kröfu eigenda fyrirtækja um æ meiri arðsemi er hætta á að sumir mikilvægir hlutir gleymist í því kapphlaupi. Það á við um gamla góða verkstjórann sem í dag er millistjórnandi; aðili sem stjórnar verkum og heldur hlutunum gangandi.

Fjórða iðnbyltingin

Margir eru á því að hlutverk millistjórnenda skipti sköpum varðandi arðsemi en því miður er mikilvægi þessarar stéttar oft ekki nægur gaumur gefinn hjá fyrirtækjum og fær of litla athygli, bæði í stjórnendafræðum og umræðunni um hlutverk og skyldur. Þetta þurfa eigendur og æðstu stjórnendur fyrirtækja að gera sér grein fyrir ásamt stjórnendunum sjálfum. Þessi stétt hefur setið eftir í endurmenntun og tækifærum að tileinka sér framfarir sem eru að hellast yfir okkur eins og til dæmis fjórða iðnbyltingin. Það hefur verið sýnt með rannsóknum að fólk fæðist ekki sem góðir stjórnendur og eðlilegt að það þurfi sérstaka þjálfun þó svo reynsla í starfi vegi þungt. Hún ein og sér dugir ekki til að verða góður stjórnandi.

Stjórnendanámið

Við þessu hefur Samband stjórnendafélaga ásamt Samtökum atvinnulífsins brugðist og sett á laggirnar fimm lotu stjórnunarnám sem er kennt í 100% fjarnámi í Háskólanum á Akureyri og snýr að því að gera stjórnandann hæfari og jafnframt fyrirtækið betra. Í þessu námi er tekið á flest öllu sem snertir millistjórnandann. Þetta nám hefur sannað gildi sitt og eigendur fyrirtækja sjá að þetta gerir fólk að betri sjórnendum. Það ættu allir sem hyggja á að verða stjórnendur að skoða þetta nám og hreinlega ætti að vera skylda að taka í það minnsta lotu eitt og tvö til að fá að verða stjórnandi. Til millistjórnenda eru nú gerðar auknar kröfur um þátttöku í stefnumótun, áætlanagerð, breytinga- og árangursstjórnun ásamt eflingu liðsheildar. Mikilvægt er að hlutverk millistjórnenda sé skýrt, þeir fái tækifæri til að efla sig í starfi í samræmi við það sem ætlast er til af viðkomandi. Ef stjórnandinn heldur ekki vöku sinni og lagar sig að auknum kröfum og breytingum, situr hann eftir og úreldist fljótt eins og tölva sem ekki er uppfærð.

Turn fyrirtækisins

Það er talið að með því að auka hæfni millistjórnenda megi auka á starfshvatningu starfsfólks, starfsánægju þess og traust til yfirstjórnenda og fyrirtækis sem ekki veitir af í dag þar sem kulnun í starfi og mikil starfsmannavelta er að verða mikið áhyggjuefni. Góður stjórnandi eflir liðsheildina og jafnframt kemur ánægja starfsfólks í framhaldinu sem leiðir af sér framleiðniaukningu, minni starfsmannaveltu og ímynd fyrirtækis út á við verður betri og það þar af leiðandi eftirsóknaverðara sem vinnustaður.

Félagar og allir sem koma að fyrirtækjarekstri: Tökum höndum saman og gerum gamla verkstjórann, sem er millistjórnandi í dag, að þeim turni í fyrirtækinu sem þarf til að það geti dafnað, þróast áfram og orðið að fyrirmyndarfyrirtæki.

Þakkir að lokum

Ég lét af störfum sem sem forseti STF á þinginu á Húsavík 5.-7. maí síðastliðinn. Ég vil við það tækifæri þakka öllum fyrir stuðninginn í gegnum tíðina og óska Bjarna Þór Gústafssyni, nýkjörnum forseta, heilla í starfi. Ég stefni á að starfa áfram sem framkvæmdastjóri í u.þ.b. eitt ár í viðbót og hleypa svo yngra fólki að. Ég tel að enginn sé ómissandi og að ef við ætlum að stækka og dafna og þróa hlutina í rétta átt, sé nauðsynlegt að hleypa yngra fólki að í stjórnun á félagsskapnum. ■

STF-tíðindi - 72. árgangur | Júní 2023

ISSN 2547-7366

Útgefandi: Samband stjórnendafélaga
Ritstjóri: Jóhann Baldursson (ábm).
Umsjón, umbrot og auglýsingar: Ritform ehf.
Prentun: Litróf
Dreift til félagsmanna aðildarfélaga Sambands stjórnendafélaga og á fjölda vinnustaða um land allt.

ÞÍN SÉREIGN

Séreignarsparnaður er viðbót við lögbundinn lífeyrissparnað og er þín eign. Þú ræður hvernig þú ráðstafar honum eftir að þú nærð 60 ára aldri.

Tökum dæmi*: Ef þú ert með 650.000 kr. í mánaðarlaun og byrjar að safna í séreign þegar þú ert 25 ára og tekur út sparnaðinn þegar þú verður 67 ára, gætir þú verið búinn að safna um 44 milljónum króna.

7 milljónir er framlag launagreiðanda

13 milljónir er framlag þitt



24 milljónir er ávöxtun á tímabilinu
(miðað við 3,5% vænta ávöxtun)

**Upplýsingarnar eru settar fram í dæmaskyni en eign sjóðfélaga fer eftir iðgjöldum og ávöxtun yfir tímabilið.*

Kynntu þér málið á birta.is

Sundagörðum 2 I 104 Reykjavík I 480 7000

BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR

Sveinn Guðjónsson, formaður Stjórnendafélags Vestfjarða og nýkjörinn varaforseti sambandsins.

Aukin samvinna af hinu góða

Ég er búinn að vera lengi í þessu en fyrsta þingið mitt var í Reykholti árið 1989! Mér finnst vera gríðarleg breyting á vinnubrögðum frá þeim tíma því allt skipulag er orðið miklu markvissara og skilvirkari vinnubrögð. Eftir að breyting var gerð á samsetningu stjórnar þá vinnst allt miklu betur því fulltrúar allra félaga eru vel inni í málum. Mín upplifun á fyrstu þingunum var sú að menn körpuðu endalaust um lög sambandsins og hvort ætti að standa á eða að í einhverri málsgreininni," segir Sveinn Guðjónsson, formaður Stjórnendafélags Vestfjarða og nýkjörinn varaforseti sambandsins.

Bústaður í bígerð

Sveinn segir starfsemi Stjórnendafélags Vestfjarða í tiltölulega föstum skorðum og ýmis mál komi inn á hans borð. „Maður reynir að halda vel utan um liðið og leysa úr málum en ef eitthvað flóknara kemur upp á þá er viðkomandi beðinn um að hafa samband við skrifstofu STF í Hlíðasmáranum. Að öðru leyti er starfsemi félagsins að halda utan um orlofseign okkar sem er í dag íbúð í Gullsmára 5 í Kópavogi. Við erum einmitt þessa dagana að vinna í því að kaupa sumarhús sem ég vona að geti verið tilbúið til útleigu í sumar. Við höfum aðallega verið að horfa á Borgarfjörðinn og viljum vanda vel til verka því fólki þarf að líða vel þegar það dvelur í bústaðnum."

Þurfum að auka samvinnu

Í Stjórnendafélagi Vestfjarða eru nú 101 félagi, 90 karlar og 11 konur. Við spyrjum Svein út í sameiningarhugmyndir og hvort einhverjar hugmyndir séu um sameiningar á hans svæði.

„Það er ekkert formlegt í augnablikinu en aldrei að vita hvað gerist. Ég hef farið tvisvar í sameiningarviðræður en þær hafa ekki skilað neinu því í svona lotum er nóg ef einn aðili dettur úr skaftinu þá þá hrekkur allt í baklás. Mér heyrast menn alveg opnir fyrir því að stækka félögin því það getur verið hagræðing í að félögin verði stærri. En almennt séð finnst mér þetta ganga ágætlega og að vel mætti skoða meiri samvinnu í tilteknum málum. Til dæmis hefur samstarfið í Frímanni gengið frábærlega og þannig mætti huga að fleiri verkefnum. Hvað svo sem framtíðin ber í skauti sér teldi ég skynsamlegt að samræma allar samþykktir og lög einstakra félaga þannig að öll réttindi væru þau sömu, hvar sem menn búa á landinu og óháð því í hvaða félagi þeir kjósa að vera."

„Almennt séð var þingið á Húsavík mjög gott og fjörugar umræður á köflum. Þá var ánægjulegt að sjá hversu margir af yngri félagsmönnum eru að taka þátt í þessu starfi. Það vísar á gott," segir Sveinn að síðustu. ■

ÖRYGGISVÖRUR Í MIKLU ÚRVALI

HEYRNARHLÍFAR,
HJÁLMAR, STÍGVÉL & FLEIRA

KÍKTU Í VEFVERSLUNINA OKKAR DYNJANDI.IS

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h II Sími: 588 5080 II dynjandi.is

Gerum þetta vel og

Rætt við Bjarna Þór Gústafsson, nýkjörinn forseta Sambands

Ég er sannfærður um að það eru gífurlega mörg tækifæri fólgin í samstöðunni og ég mun sem nýr forseti leggja mig fram um að auka samstöðuna og tala menn saman til góðra ákvarðana. Það er augljóst af umræðunni innan STF síðustu ár að forystumenn sumra félaga vilja renna þeim saman í stærri einingar en aðrir vilja reyna á samstarf okkar með öðrum hætti. Þarna verða menn að fara sínar leiðir en aðalatriðið er að gera þetta vel og gera þetta saman," segir Bjarni Þór Gústafsson, nýr forseti STF í samtali.

Átti ekki von á þessu

Það má segja að það hafi komið mörgum á óvart að Bjarni Þór hafi verið kjörinn forseti STF á sambandsþinginu á Húsavík því nafn hans hafði ekki svo mjög verið í umræðunni. Við spyrjum Bjarna út í tildrög þess að hann ákvað að bjóða sig fram:

„Það átti sér í raun ekki langan aðdraganda, ég henti mínu nafni í pottinn á síðustu stundu og gerði mér í raun engar vonir um að sigra. Mín hugsun var sú að minna aðeins á mig og lýsa vilja til frekari afskipta af félagsmálum stjórnenda. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á félagsmálum og verið virkur undanfarin ár, bæði á vettvangi Málarameistarfélagsins og einnig í starfi Oddfellow hreyfingarinnar í 23 ár. Þá hef ég verið í stjórn Brúar síðan 2016 og langaði einfaldlega að láta meira til mín taka. Þegar svo úrslit lágu fyrir í forsetakjörinu, þar sem tveir frábærir félagsmenn gáfu einnig kost á sér, má segja að ég hafi í sannleika sagt orðið kjaftstopp því ég átti engan veginn von á að svona færi. En ég tek hrærður og þakklátur við þessu embætti og heiti því að leggja mig allan fram í starfi."

Við spyrjum Bjarna Þór nánar út í hans skoðun á margumræddum samruna félaga innan STF og hvernig hann sjái þá vegferð ganga fyrir sig.

Ákvarðanir heima í héraði

„Ég hef auðvitað fylgst með umræðunni og veit að víða er mikill áhugi á að styrkja einingarnar með samruna við önnur félög. Á þinginu var samþykkt ályktun þess efnis að þau félög sem hafa áhuga á sameiningu tali einfaldlega saman og þar hljóta úrslitin, hvað þau félög varðar, að ráðast. Sjálfur sé ég alveg fyrir mér meiri sameiningar hér á suðvesturhorninu og á Suðurnesjum en þetta er í raun orðið sama atvinnusvæði, allt frá Vesturlandi og austur fyrir fjall. Hins vegar óttast margir forystumenn að minni félögin úti á landi muni bera skarðan hlut frá borði ef þau renna inn í stærri einingar eða jafnvel eitt landsfélag. Allt eru þetta álitamál sem ég tel mig hafa fullan skilning á. Aðalatriðið er að virða ákvarðanir heima í héraði og að þau félög sem vilja sameinast geri það en önnur einfaldlega haldi áfram óbreyttu skipulagi. Þjónustumiðstöð STF í Hlíðasmáranum verður áfram öllum opin og ég veit að starfsfólk og forysta sambandsins verður til aðstoðar, hvaða leiðir sem menn kjósa að fara," segir Bjarni Þór.

Bjarni Þór Gústafsson, nýr forseti Sambands stjórnendafélaga: „Ég mun leggja mig fram um að treysta samstöðu innan sambandsins, óháð því hvernig menn vilja haga skipulagi félaga á einstökum svæðum. Aðalatriðið er að gera þetta vel og gera þetta saman. Það eru mín kjörorð."

gerum þetta saman

stjórnendafélaga

Nýkjörinn forseti sagði í lokahófi sambandsþingsins á Húsavík að hann væri hrærður og þakklátur þingfulltrúum fyrir það traust sem þeir sýndu honum til forystustarfs.

Verðmæt réttindi

Nýkjörinn forseti minnir á að allir félagsmenn innan einstakra félaga STF njóti ýmissa réttinda og tækifæra sem félagsfólk úr mörgum öðrum stéttarfélögum eigi ekki kost á. Hann segir mikilvægt fyrir félagsfólk að átta sig á þessu og að þarna njóti það ávaxta af mikilli framsýni og útsjónarsemi fyrrum forystumanna Verkstjórasambandsins sem á sinni tíð lögðu áherslu á samhjálp og menntunarmál svo dæmi séu tekin.

„Sú vísa er ekki of oft kveðin að sjúkrasjóður STF er gríðarlega mikilvægur og sterkur bakhjarl allra þeirra sem kjósa að vera í einhverju okkar stjórnendafélaga. Flestir aðrir sjúkrasjóðir stéttarfélaga hafa orðið að draga úr aðstoð við sitt félagsfólk þegar eitthvað kemur upp á og fáir ef nokkrir þeirra eru með réttindi til handa þeim sem eru hættir á vinnumarkaði. Í okkar sjóði nýtur fólk fullra réttinda til æviloka, ef það hefur verið fullgildur félagi í 10 ár eða meira þegar það lætur af störfum. Þetta eru réttindi sem geta skipt sköpum. Einnig vil ég nefna menntunarmálin sem aðra skrautfjöður í hatti STF en stjórnendanámið okkar er til fyrirmyndar þar sem félagsfólki er gefinn kostur á að stunda það alfarið í fjarnámi án þess að bera mikinn kostnað af. Slíkt er ómetanlegt í síbreytilegu starfsumhverfi stjórnenda þar sem kröfur, einkum varðandi starfsmannahald, aukast ár frá ári.“

Klár í slaginn

Þegar við tókum hús á Bjarna Þór var hann að fara að hitta starfsfólk þjónustumiðstöðvar STF í Hlíðasmáranum og kvaðst hann hlakka til samstarfsins við stjórn STF, framkvæmdastjóra og starfsfólk. „Ég hef fylgst með þessu starfi af hliðarlínunni um skeið og er þess fullviss að þar er valinn maður í hverju rúmi. Það eru spennandi tímar fram undan og mikilvægt að við leggjum okkur öll fram um að styrkja félagsheildina með hag félagsmanna okkar að leiðarljósi. Ég er klár í slaginn,“ segir Bjarni Þór að lokum. ■

Ásdís Sigríður Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri Símenntunar, Jóhanna M. Guðjónsdóttir, innheimtufulltrúi STF og Guðrún Erlingsdóttir, mennta- og kynningarfulltrúi STF kynna sambandið og stjórnendanámið á Sjávarútvegssýningunni 2022.

Stjórnendanám fyrir fólk í vinnu

Samstarf STF og Símenntunar Háskólans á Akureyri vegna stjórnendanáms Stjórnendafræðslunnar sem er 100% rafrænt nám hefur verið farsælt frá árinu 2017 þegar Háskólinn á Akureyri tók við náminu. Menntasjóður SA og STF eru bakhjarlar námsins sem hófst árið 2014. Við ræddum við Freydísi Hebu Konráðsdóttur, verkefnisstjóra Símenntunar og Guðrúnu Erlingsdóttur, mennta- og kynningarfulltrúa STF um námið.

Hagnýtt og sveigjanlegt fjarnám

„Stjórnendanám Stjórnendafræðslunnar í samvinnu við Símenntun Háskólans á Akureyri er öflugur og vinsæll kostur fyrir þau sem kjósa hagnýtt stjórnunarnám. Námið hefur hlotið mikla hylli fyrir fyrirkomulag, en það fer fram í 100% fjarnámi og er einstaklega sveigjanlegt enda hannað fyrir fólk í vinnu. Nemendur og vinnuveitendur eru sammála um að námið sé einstaklega hagnýtt og fáum við fjöldann allan af frábærum umsögnum á hverju ári," segir Freydís.

Síðustu misseri hafa starfsmenn stjórnendanámsins og Símenntunar HA verið með kynningarfundi á náminu á Ísafirði, Egilsstöðum og Akureyri. Einnig hafa rafrænir kynningarfundir verið haldnir og að sögn Freydísar hafa viðtökur verið góðar. „Þessu fyrirkomulagi verður haldið áfram og bjóðum við upp á að hitta starfsfólk á vinnustöðum eða vera með rafræna kynningu. Sú staðreynd að engar forkröfur eru gerðar fyrir inngöngu í námið höfðar til margra. Vinnandi fólk sem annars hefði ekki tök á því að fara í viðbótarnám til að auka færni sína í stjórnun getur sótt stjórnendanámið og brillerað. Dæmi eru um að nemendur halda svo áfram í skóla eftir að

„Þetta nám hreinlega bjargaði mínu lífi svo ég segi það bara hreint út! Það er hagnýtt og í hverri viku léttist vinnuálag þar sem maður fékk alltaf fleiri og fleiri verkfæri til að vinna með og gat nýtt sér beint í sinni vinnu. Öll umgjörð og kennarar var til fyrirmyndar. Námið hjálpaði mér að efla mig í leik og starfi."

Kristjana Jónsdóttir, verslunarstjóri Landstólpa á Egilsstöðum.

Sumarið 2022 var fyrsta útskrift í raunheimum eftir heimsfaraldur og útskrifuðust þá 25 nemendur. Flestir hittast í fyrsta sinn þegar útskriftarathöfnin er haldin!

náminu líkur, enda með aukið sjálfstraust, þekkingu og verkfæri til að takast á við nám. Stjórnendanámið gildir þar að auki sem 30 ECTS einingar inn í Viðskiptafræðideild HA.“

Að sögn Guðrúnar hefur STF einnig kynnt námið fyrir sínum félagsmönnum hvar sem því hefur verið við komið. Í þeim kynningum hefur félagsmönnum STF verið bent á að Starfsmenntasjóður SA og STF styrki allar fimm lotur námsins um 80% af námskostnaði og getur upphæðin numið allt að 150.000 kr. á hverja önn.

Vel sóttur kynningarfundur á stjórnendanámi Stjórnendafræðslunnar á Ísafirði þar sem Freydís Heba Konráðsdóttir, verkefnastjóri Símenntunar kynnti námið.

Verkefni unnin út frá vinnustað

Þegar stjórnendanámið var búið til var leitað til stjórnenda og millistjórnenda, til aðila vinnumarkaðarins og menntastofnana til að fá þeirra álit. Út frá þeim niðurstöðum var inntak námsins hannað, sérstaklega með þarfir atvinnulífsins í huga. Þetta samtal hefur haldið áfram og námið sífellt þróað og aðlagað breyttum kröfum. Hagnýting námsins kemur einnig fram í því að verkefnin sem nemendur vinna eru raunverkefni sem flest eru unnin beint út frá vinnustað viðkomandi. Nemandinn fær því strax verkfæri í hendurnar til að vinna með sem gerir starfið einfaldara með hverri vikunni.

Kennararnir sérfræðingar á sínu sviði

Í dag er stjórnendanámið sett upp sem 5 lotur þar sem hver lota inniheldur 6-16 vikulanga áfanga. Hver áfangi inniheldur fjarfund, nemendaverkefni og umræðuspurningar og eru kennarar í náminu hver öðrum betri. Mikill metnaður hefur verið lagður í námið og að fá kennara sem eru sérfræðingar í sínu fagi og hefur sú vinna skilað sér margfalt. Námið fær enda fjölda góðra umsagna en nemendur tala almennt um hversu gott námsefnið sé og kennslan góð.

„Námið nýtist mjög vel, er vel skipulagt og hefur fært mér verkfæri til að takast á við ýmis mál sem upp koma á vinnustöðum. Kennararnir eru mjög góðir og ég hef nýtt mér mjög margt úr náminu til að breyta ýmsu og bæta á mínum vinnustað. Það er frábært að geta tekið þetta nám samhliða vinnu og að fullu í fjarnámi. Mæli hiklaust með þessu námi.“

Ásta Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Eflingar sjúkraþjálfunar.

„Starfsfólk sem tekið hefur stjórnendanám Stjórnendafræðslunnar er skipulagðara og á auðveldara með að gera og fylgja áætlunum. Það á líka auðveldara með að takast á við krefjandi aðstæður.“

Inga Jóna Þórisdóttir, fræðslustjóri hjá Vegagerðinni.

„Mikil breidd nemenda er í náminu sem kemur sér vel þar sem nemendur læra mikið hvor af öðrum og góð tengsl myndast á milli þeirra í gegnum námið. Þessi tengslamyndun verður til vegna fjarfundarins sem er einu sinni viku og heldur hópnum saman. Í náminu er farið yfir vítt svið og mikið efni tekið fyrir svo nemendur kynnast öllum helstu hugtökum og fræðum án þess að kafa óþarfa djúpt í hverja kenningu. Hagnýt kerfi eru kynnt sem og leiðir til þess að nota þau,“ segir Freydís.

Brugðist við ólíkum vandamálum

Kröfur í nútíma rekstri eru miklar og breytingar virðast gerast hraðar og hraðar. Því er nauðsynlegt að hafa yfirgripsmikla þekkingu til að sinna starfi sínu sem skyldi.

„Vinnumarkaðurinn þarf stjórnendur og millistjórnendur sem hafa rétt verkfæri á höndum sér til að bregðast við breytingum jafn hratt og þær koma. Stjórnendanámið

„Það var ekkert mál að samræma námið með vinnu og fjölskyldulífi, góður sveigjanleiki. Frábærir kennarar og mikill kostur að geta speglað vinnustaðinn sinn við námið, horft á hlutina sem maður er að læra út frá sínu starfssviði.“

Erla Sigríður Sigurðardóttir, sveitastjórnarfulltrúi og sjúkraflutningamaður.

„Stjórnendanám er fyrir alla þá sem vilja styrkja sig í þeim fjölmörgu áskorunum sem fylgja samskiptum á vinnustað. Námið hjálpaði mér að auka sjálfstraust mitt og gaf mér þekkingu til þess að takast á við verkefni sem mér hefði ekki einu sinni órað fyrir að ég gæti tekið að mér.“

Benedikt Snær Magnússon, framkvæmdastjóri Fiskmarkaðs Norðurlands.

leggur einmitt megin áherslu á þetta; að gefa nemendum þau verkfæri sem þau þurfa til að leysa og bregðast við ólíkum vandamálum á mismunandi hátt. Framtíðin er björt fyrir stjórnendanámið, þar sem stöðugt er leitað nýrra leiða til að uppfæra námið. Við hlökkum til að útskrifa enn fleiri fullfæra, flotta stjórnendur næstu árin sem gefa af sér margfalt til baka í samfélagið og til vinnumarkaðarins,“ segir Freydís að lokum. ■

Sjúkrasjóðurinn til æviloka

Samband stjórnendafélaga, STF rekur einn öflugasta sjúkrasjóð landsins og markmið hans er að greiða bætur til félagsmanna í veikinda- og slysatilfellum. Í mörgum tilvikum greiðir sjóðurinn hærri bætur en ýmsir aðrir og það sem meira er; eftir starfslok vegna aldurs halda félagsmenn áunnum réttindum sínum til styrkja og aðstoðar úr sjóðnum allt til æviloka. Þannig er þessu ekki varið hjá flestum sjúkrasjóðum íslenskra stéttarfélaga.

Mikilsverð réttindi

Ægir Björgvinsson, fyrrum formaður Þórs og nú stjórnarmaður í Stjórnendafélagi Suðurlands minnti á þessa staðreynd á nýafstöðnu sambandsþingi á Húsavík. „Ég vakti máls á þessu vegna þess að mér finnst þessi mál til fyrirmyndar hjá okkur því þetta eru gríðarlega mikilsverð réttindi fyrir okkur sem hættir eru störfum. Á þingunum í gegnum tíðina hefur mér fundist vanta á að þingfulltrúar væru minntir á þessi atriði og að þeir komi þessu áfram til félaga sem eru að fara á eftirlaun. Ég hef orðið vitni að aðgengi fjölskyldu og vina að sjóðum annarra stéttarfélaga og það er alltof oft sem þeirra aðgengi er víkjandi eftir 70 ára markið þegar við þurfum kannski helst á því að halda að fá stuðning," segir Ægir í samtali.

Sameiningin tókst vel

Ægir hefur lengi starfað á vettvangi stéttarfélaganna og ábyggilega marga fjöruna sopið eins og oft er með þá sem standa í stafni.

Ægir Björgvinsson vakti athygli á góðum sjúkrasjóði STF á þinginu á Húsavík.

„Ég gekk í Verkstjórafélagið Þór fyrst árið 1984 og kannski var eftirtektin og félagsvitundin ekki meiri en svo að ég fór í VR í nokkur ár en svo aftur í Þór 1992. Ég sótti fundi reglulega en svo þegar gjaldkeri Þórs lést í júlí 2009 var ég beðinn um að taka við þeirri stöðu sem ég og gerði í þrjú ár. Þá tók ég við sem formaður Þórs og var það þangað til við sameinuðumst Verði, félagi stjórnenda á Suðurlandi árið 2018 undir nafninu Stjórnendafélag Suðurlands. Það voru ekki allir félagar Þórs sáttir við að sameina félagið öðrum en reyndin var sú að enginn félagi flutti sig úr sameinuðu aðildarfélagi og þeir sem ég hef hitt af gömlu félögunum eru sáttir með breytinguna."

Erum sterkari saman

Og Ægir hefur sína skoðanir hvert skuli vera framtíðarskipulag stjórnendafélaganna: „Þegar ég lít til baka yfir sameiningarferli Þórs og Varðar þá tókst það vel og ég hvet þau aðildafélög sem eru að íhuga sameiningar að drífa í því, sérstaklega minni félögin. Auðvitað er verið að ræða þetta víða og heimamenn á hverjum stað ráða ferðinni og sinni framtíð. Ég er sjálfur opinn fyrir ýmsum leiðum, get vel séð fyrir mér 3-5 landshlutafélög og svo regnhlífina STF þar yfir en get líka alveg sætt mig við eitt félag undir stjórn fulltrúa landshlutanna með einhverjum hætti. Mér hefði fundist að Skúli Björnsson hefði átt að fá að leiða þá sameiningu til enda því hann lagði mikla og góða vinnu í þennan málaflokk."

Réttum kynjahallann

Aðspurður segir Ægir að þótt aðildarfélög STF glími við mikinn kynjahalla í sínum röðum sé hann viss um að þau hlutföll sé hægt að laga á næstu misserum með samstilltu kynningarátaki.

„Eftir að stjórnendaheitið var tekið upp hefur félagamarkaðurinn breyst og ég held að hægt sé að rétta af kynjahallann með nýjum áherslum í félagaöflun. Á þinginu á Húsavík voru lögð drög að endurskoðun aðferða við kynningu á kostum aðildar og það eru allir sammála um að félögin þurfi að bæta ímynd sína og sambandsins hjá konum. Þær hafa haslað sér völl sem frábærir stjórnendur víða í atvinnulífinu og eiga sannarlega heima í félögum stjórnenda." ■

GOUPiL

Goupil býður upp á fjölbreytt úrval rafmagnsbíla sem eru tilvaldir í léttari verk. Frábær umhverfisvænn kostur fyrir bæjarfélög, verksmiðjur, íþróttafélög, kirkjugarða, golfvelli o.fl.



VESTURVÖR 32a | 200 KÓPAVOGI | SÍMI 514-1600 | ISLYFT@ISLYFT.IS | ISLYFT.IS

Íslyft ehf

Eygló Hrönn Ægisdóttir viðskiptafræðingur og einn fulltrúi Stjórnendafélags Austurlands á þingi STF.

Konur eiga auðvitað fullt erindi

Þegar við lítum á kynjahlutföllin í félagaskránum getum við svo sannarlega bætt okkur og verðum að höfða til kvenna á vinnumarkaðinum. Mér sýnist að félagsmenn innan STF séu um 3.900 talsins og þar af eru aðeins um 700 konur. Svoleiðis eiga hlutföllin auðvitað ekki að vera því fjölmargar konur þarna úti eiga svo sannarlega fullt erindi í stjórnendafélag," segir Eygló Hrönn Ægisdóttir viðskiptafræðingur en hún sat þing STF á Húsavík.

Eygló Hrönn er fædd og uppalin á Fáskrúðsfirði en búsett á Egilsstöðum. Hún hefur lengst af unnið við bókhalds-, launa- og fjármálaumsjón. „Ég veit ekki hvað veldur þessu en fyrir því eru örugglega einhverjar sögulegar skýringar frá þeim tíma þegar verkstjórar voru bara karlar. Ég tel líka karlmenn oftar vera titlaða sem stjórnendur þó konur sinni slíkum störfum líka og ég held að við konur þurfum alveg að standa í þeirri baráttu eins og launabaráttunni."

Alltaf gott að tala saman

Eygló Hrönn segist búin að vera í Stjórnendafélagi Austurlands í um tvo áratugi en hún var kosin í stjórn félagsins núna í vor. „Ég sat landsfundinn á Grand Hóteli 2021 og svo þingið nú í maí á Húsavík. Þar sem ég hef ekki mörg þingin til að miða við þá upplifði ég samt að öll skipulagning og uppsetning fyrir síðasta þing var til fyrirmyndar og skiptumst menn þar á skoðunum nákvæmlega eins og á að gera. Þegar skipulagning er góð eins og hún var þá verður öll vinna markvissari. Hvort þingið hafi verið árangursríkt er auðvitað önnur spurning en það er alltaf gott að setjast niður og tala saman. Hvert örstutt skref fleytir okkur svo að markmiðunum sem við höfum sett okkur."

Þurfum að vanda okkur

„Ég er alveg opin fyrir sameiningu félaga innan STF en er á því að við verðum að vanda okkur og gera það vel; ekki sameinast bara til að sameinast. Félögin innan STF eru með mismunandi form á félagsgjöldum, sum þeirra með fast gjald og önnur með prósentu af launum. Í mínu félagi fyrir austan er t.d. fast félagsgjald og hef ég talið það mjög jákvætt og flaggað því óspart í stéttarfélagsumræðum, en þarna getur verið verulegur munur á upphæðum sem félagar greiða af sínum launum. Fjöldi fasteigna í eigu stjórnendafélaganna er mismunandi, þjónusta við leigutaka er mismunandi, orlofsstyrkir hjá einhverjum og öðrum ekki o.s.frv. Allt þetta og meira til mun vega þungt í sameiningarumræðunni. Við vitum hvað við höfum en vitum kannski ekki hvað við fáum og allir vilja halda í sitt. Því verðum við að flýta okkur hægt og vanda til verka," segir Eygló Hrönn að síðustu. ■

IÐNAÐAR-SÝNINGIN 2023 Í LAUGARDALSHÖLLINNI

31. ÁGÚST – 2. SEPTEMBER

Helstu svið sýningarinnar verða:
mannvirki, orka, innviðir, hönnun,
hugverk og vistvænar lausnir.

Nánari upplýsingar veita:
Ólafur, framkvæmdastjóri, olafur@ritsyn.is, 698 8150
Inga, markaðsstjóri, inga@ritform.is, 898 8022

IÐNAÐAR SÝNINGIN 2023

Fjarlægð við félagsmenn í

Eygló Guðmundsdóttir, starfsmaður Brúar lét af störfum um síðustu mánaðarmót. Hún er fædd í Reykjavík og skilgreinir sig sem eiginkonu, móður þriggja dætra og ömmu átta barnabarna. Áður en Eygló hóf störf hjá Brú sem þá hét Verkstjórafélag Reykjavíkur starfaði hún hjá Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis í Garðabæ og Iðnlánasjóði

„Þjálfunin sem ég fékk þegar ég byrjaði í nýja starfinu hjá Verkstjórafélagi Reykjavíkur stóð í eina viku hjá Þorgerði sem var að hætta á skrifstofunni. Erna Hilmarsdóttir sem nú starfar á skrifstofu STF, starfaði á þeim tíma á skrifstofunni en var í sumarfríi," segir Eygló sem létti mikið þegar Erna kom aftur til starfa, enda gekk þeim vel að vinna saman.

Eygló segir að mesta breytingin á síðastliðnum 20 árum sé félagslegi þátturinn og aukin fjarlægð við félagsmenn í kjölfar tölvuvæðingar og sífellt meira úrval af rafrænum lausnum.

„Áður fyrr fór öll þjónusta í gegnum skrifstofuna en með tækninni jókst sjálfvirkni og það er þróun sem við urðum að beygja okkur undir. Eldri félagsmenn okkar áttu margir hverjir erfitt með að tileinka sér tæknina og voru duglegir að kíkja við eftir aðstoð," segir Eygló sem saknar þessa samskipta. Hún segir að með meiri hraða í þjóðfélaginu hafi félgasandinn dofnað. Félagsmönnum hafi þótt vænt um félagið sitt og verið tilbúnir að gefa af tíma sínum fyrir félagið sem þeir voru afskaplega stoltir af.

Vinnuferðir í orlofshúsin

„Það var alltaf farin vinnuferð með stjórn og félagsmönnum í orlofshúsin. Farið var með rútu og keyrt á milli orlofshúsa. Karlarnir sinntu hefðbundum útiverkum og konurnar sáu um inniverkin ásamt því að sjá um mat og kaffi fyrir mannskapinn," segir Eygló sem bætir við að áður fyrr hafi það skipt félagsmenn öllu máli að fá „sinn" bústað. Í dag skipti það minna máli.

Eygló sér fyrir sér sameiginleg orlofshús hjá öllum félögunum og einnig að félögin sameinist í eitt landsfélag. Hún segir STF hafa verið sterkan bakhjarl fyrir aðildarfélögin. Félögin séu sterkari í samstarfi og bendir á sameiningu Brúar og Hafnarfjarðarfélagsins í fyrra.

Meiri barátta á fyrstu árunum

„Við höfum aldrei notað verkfallsvopnið, göngum seint að samningaborðinu og fáum lítið meira en aðrir. Þegar Verkstjórafélag Reykjavíkur var stofnað 1919 var hörð verkalýðsbarátta í gangi," segir Eygló og bendir á að verkstjórar hafi verið metnaðarfullir þegar kom að fræðslu og menntun félagsmanna. Stjórnendanámið í HA sé í dag afsprengi þess metnaðar. Með tímanum hafi verkstjóraheitið vikið fyrir stjórnendum og einyrkjum fjölgað í félaginu. Eygló segir einnig að félagsstarfið hafi tekið breytingum. Áður fyrr hafi félagsmenn litið á félagið sitt eins og klúbb og vel var mætt á félagsfundi sem voru haldnir reglulega þar sem ýmis málefni og félagsskapurinn hafi verið í forgrunni. Nú hafi þessi félagsstörf færst yfir á aðalfundina og þeir nýttir til þess að koma ýmis konar fræðslu til félagsmanna t.d. um starfslok, lífeyrismál og brunavarnir.

Jólaböllin ómissandi

Brú hefur svo lengi sem elstu menn muna haldið jólaball fyrir félagsmenn og fjölskyldur. Í fyrra var jólaballinu breytt í jólahlöðuball og það haldið í Reiðhöll Sörla í

Eygló Guðmundsdóttir sem hefur þjónað félagsmönnum Brúar í 27 ára hefur nú látið af störfum. Eygló starfaði fyrst á skrifstofu Brúar í Skipholti en 2020 flutti Brú í Hlíðasmára 8 í Kópavogi á sömu hæð og STF. Þar hefur Eygló unað sér vel og átt gott samstarf við starfsfólk sambandsins.

kjölfar tölvuvæðingar

Eygló ásamt Sigurði Hauki Harðarsyni, formanni Brúar þegar félagið fékk viðurkenningu fyrir mestu fjölgun félagsmanna á nýafstöðnu sambandsþingi STF.

Frá síðasta aðalfundi Brúar. Aðalfundir eru gjarnan nýttir til þess að koma ýmis konar fræðslu til félagsmanna.

Hafnarfirði þar sem salurinn á Reykjavík Natura var orðinn of lítill. „Það hefur alltaf verið frítt fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra á jólaböllin. Þar er boðið upp á veitingar og nammipoka. Við erum með sérstakan samning við jólasveinana sem stoppa lengi og ræða við börnin og gefa þeim færi á að mynda sig með þeim."

Hlakkar til starfslokana

„Það er frábært að hætta nú að vinna og geta átt minn tíma sjálf. Ég er þakklát fyrir allt það fólk sem ég hef kynnst og átt samskipti við sl. 27 ár," segir Eygló sem nú ætlar að eiga meiri tíma með fjölskyldunni, stunda útivist, hreyfingu og prjóna. Hún hlakkar líka til að eiga meiri tíma með vinkonum sínum. Afmælisdeginum ætlar hún fagna á Abba tónleikum í London. ■

Steindór heiðursfélagi Brúar

Á sambandsþinginu á Húsavík notuðu forystumenn Brúar, félags stjórnenda tækifærið og nældu heiðursmerki í barm Steindórs Gunnarssonar, fyrrum formanns Verkstjóra- og stjórnendafélags Hafnarfjarðar, sem sameinaðist Brú á síðasta ári.

Steindór Gunnarsson hefur lengi verið viðloðandi verkstjórastarfið en hann varð verkstjóri hjá Bæjarútgerð Hafnarfjarðar aðeins 14 ára gamall eins og fram kom í viðtali við hann í STF tíðindum árið 2020. Hann fór að láta sig félagsmálin varða árið 1993 þegar hann var kjörinn í stjórn síns félags og formaður var hann þar frá 1999. Hann hefur og lengi verið virkur á vettvangi sambandsins og sat þar í stjórn í 18 ár, þar af um áratug sem varaforseti. Hann var gerður að heiðursfélaga STF árið 2017. ■

Frá athöfninni. Frá vinstri: Sigurður Haukur Harðarson, formaður Brúar, Steindór Gunnarsson heiðursfélagi, Þorbjörg Gísladóttir, eiginkona hans og Egill Örn Sigþórsson, varaformaður Brúar.

Ertu í réttu sambandi?

Rætt við Guðrúnu Erlingsdóttur, mennta- og kynningarfulltrúa STF

Ertu í réttu sambandi? Hafðu þá samband við Samband stjórnendafélaga.“ Þessi setning kom upp í frjóum, skemmtilegum og gagnrýnum umræðum í vinnuhópi á þingi STF á Húsavík í byrjun maí. Þegar ég sá auglýsingu um starf mennta- og kynningarfulltrúa Sambands stjórnendafélaga fyrir rúmu ári síðan vissi ég ekkert um þetta samband,“ segir Guðrún Erlingsdóttir sem tók við starfi mennta- og kynningarfulltrúa STF 1. júní 2022.

Þegar Guðrún skoðaði fyrir hvað Samband stjórnendafélaga, STF stæði komst hún að ýmsu. Meðal annars að STF er samband tíu stéttarfélaga stjórnenda með félagssvæði um allt land. 85 ára samband sem fyrst hét Verkstjórasamband Íslands. Við fyrstu sýn birtist STF Guðrúnu sem frekar karllægt samband og íhaldssamt. En þegar betur var að gáð kom í ljós að STF er öflugt samband sem stendur á sterkum grunni, veitir félagsfólki góða þjónustu, er með öflugan sjúkrasjóð og veitir félagsfólki sem hættir á vinnumarkaði áframhaldandi réttindi í STF eftir starfslok en það eru ekki mörg stéttarfélög sem státa af því.

Stjórnendanámið frábært nám

Starf mennta- og kynningarfulltrúa er margþætt og eitt af verkefnum Guðrúnar er að vera tengiliður við stjórnendanám Stjórnendafræðslunnar á Akureyri. Guðrún segir að menntun hafi verið stjórnendum ofarlega í huga en árið 1961 voru sett lög um verkstjóranámskeið. Stjórnendanámi Stjórnendafræðslunnar var svo hleypt af stokkum árið 2015 í samstarfi við Háskólann á Akureyri eftir fimm ára þróunarvinnu. Guðrún segir að námið sé í sífelldri endurskoðun og nú sé ráðgjafaráð, sem hún á sæti í, að störfum til þess að gæta þess að námið sé í takt við tímann. „Það eru ekki öll sambönd stéttarfélaga sem bjóða upp á 100% rafrænt stjórnendanám, hvað þá að félagsfólk aðildarfélaganna innan STF geti sótt í tvo endurmenntunarsjóði. Félagsfólk okkar getur fengið námsstyrk allt að 80% af hverri námslotu að hámarki 150.000 kr. úr Menntasjóði SA og STF,“ segir Guðrún og bætir við að allar fimm lotur námsins séu styrktar og að þeir styrkir hafi ekki áhrif á styrki úr menntasjóði STF.

Tengslanetið stækkar

Guðrún segir almenna ánægju með stjórnendanámið sem henti nýjum stjórnendum, þeim sem hafa verið lengi eða jafnvel ætli sér að verða stjórnendur í framtíðinni. Þá séu það ekki einungis nemendur sem séu ánægðir með námið heldur sjái atvinnurekendur hag sinn í að senda starfsmenn sína í námið og geta margir hverjir sótt til þess styrk í Menntasjóð SA og STF. „Það þarf enga formlega menntun til þess að fara í stjórnendanámið okkar »

Eitt af verkefnum Guðrúnar er að mæta á fundi hjá aðildarfélögum STF. Hér er hún lengst til vinstri á aðalfundi Stjórnendafélags Austurlands sl. vor.

Launareiknivél STF

Á endurbættri vefsíðu Sambands stjórnendafélaga, stf.is, er að finna reiknivél sem gefur til kynna heildarmeðallaun í ýmsum störfum skv. niðurstöðu launakönnunar STF sem gerð var frá 14. nóvember 2022 til 15. janúar 2023.

Reiknivélin er gagnvirk og gefur notendum færi á að nálgast upplýsingar sem byggja á niðurstöðum greiningar um áhrif þátta eins og kyns, aldurs og fjölda ára á vinnumarkaði á heildarlaun félagsmanna STF. Með reiknivélinni er hægt að sjá á einfaldan og fljótlegan hátt áætluð heildarmeðallaun svarenda fyrir allar mögulegar samsetningar á bakgrunnsbreytum.

Á þingi STF á Húsavík leiddi Guðrún vinnuhóp um kynningarmál. Þar voru sett metnaðarfull markmið þar sem horft er til framtíðar.

og það þarf ekki að taka allar fimm loturnar. En þeir sem fara í námið og ætla bara að taka fyrstu tvær, klára allar fimm og hafa sagt að í viðbót við námið þá hafi þeir stækkað tengslanetið sitt. Við bjóðum nemendum til útskriftarveislu að loknu námi sem er mjög skemmtilegt og þá hittast nemendur oft í fyrsta sinn í raunheimum."

Vaxandi samvinna aðildarfélaga STF

Eitt af mörgum verkefnum mennta- og kynningarfulltrúa er að kynna STF. Það getur reynst flókið þar sem STF er ekki stéttarfélag heldur samband stéttarfélaganna tíu sem sameiginlega mynda STF. „Það er ákveðinn línudans að kynna STF á einfaldan hátt. Í hraða nútímans vill fólk hafa hlutina einfalda og nýtt félagsfólk hefur ekki sömu taugar til félaganna eins og þeir sem hafa verið áratugum

STF
Samband stjórnendafélaga

STF, rótgróið og sterkt samband stéttarfélaga stjórnenda

- Öflugur og vel stæður sjúkrasjóður
- Heilsusjóður
- Tveir sterkir endurmenntunarsjóðir
- Stjórnendanám STF við Háskólann á Akureyri
- Ævilöng réttindi úr sjóðum STF eftir starfslok
- Stéttarfélög þar sem hagsmuna stjórnenda, millistjórnenda, verkefnastjóra og einyrkja er gætt

STF - Samband stjórnendafélaga

saman í stjórnendafélagi og áður verkstjórafélagi í sinni heimabyggð," segir Guðrún og bætir við að það sama gildi um sumarbústaðina, það skipti nýtt fólk minna eða engu máli hver á bústaðinn sem það fær úthlutað. „Við notum Frímann orlofshúsakerfið fyrir orlofskostina okkar og það er eitt af mínum verkefnum. Frímann er smíðaður fyrir eitt félag og eina reglu. Aðildarfélög STF hafa fullt forræði yfir sínum bústöðunum og íbúðum og hafa sinn háttinn á með úthlutun o.þ.h sem flækir málið," segir Guðrún sem bendir á að sumarúthlutun hafi þó verið eins hjá öllum félögunum sem sé til bóta. Félögin eiga samtals 25 bústaði og samstarf í orlofsmálunum komi öllum aðildarfélögum og félagsfólki þeirra til góða.

Vinnutími stjórnenda langur

Í þjónustu- og kjarakönnum sem STF gerði í lok árs 2022 kom í ljós að stjórnendur vinna allt að 50 klst á viku og að 9% félagsfólks langar ekki í vinnuna næsta dag. „Þegar lesið er úr könnuninni virðist vera allt of mikið vinnuálag á stjórnendur enda töldu 89% af félagsfólki okkar svo vera. Í könnuninni kom einnig fram að 42% félagsfólks geti ekki hætt að hugsa um vinnuna," segir Guðrún og bætir við að það geti að einhverjum hluta stafað af eðli stjórnunarstarfa en það sé nauðsynlegt að hvíla sig frá vinnunni. Það þurfi að bæta vinnuumhverfi stjórnenda og það þurfi líka að jafna launamun kynjanna. „Það kom í ljós 80 til 100.000 kr. munur á launum karla og kvenna í könnunni okkar. Það er með öllu óásættanlegt og ég vona að í næstu könnun þá sjáum við strax minni mun," segir Guðrún og bendir á að nú sé búið að setja upp launareiknivél á heimasíðu STF. Þar geti félagsfólk reiknað út hvað það ætti að hafa í laun, byggt á niðurstöðum nýjustu launakönnunar STF.

Ætlum að fjölga félagsfólki

Á þingi STF á Húsavík leiddi Guðrún vinnuhóp um kynningarmál. Þar voru sett metnaðarfull markmið þar sem horft er til framtíðar og voru þau samþykkt mótatkvæðalaust af þingheimi. Guðrún segir að einnig hafi verið ákveðið að eyrnamerkja góða upphæð í kynningarmál og fara í markaðsherferð í haust. En áður en af henni verði þurfi að greina viðhorf og væntingar fólks til STF og aðildarfélaga þess og finna út hver þörfin sé hjá mismunandi hópum félagsfólks. „Við þurfum nýliðun í félögin og það er nauðsynlegt að fjölga félagsfólki svo við getum orðið sterkari og staðið við loforðin sem gefin hafa verið t.d. hvað varðar réttindi eftir að félagsfólk okkar hættir á vinnumarkaði. Markmiðið til vors 2025 er að virkt félagsfólk verði orðið 80%, að meðalaldur hafi lækkað um 5 ár, konur verði orðnar 40% af félagsfólki og að það hafi fjölgað um 500 manns í hópnum." ■

Jóhann Baldursson segist hreykinn af að hafa komið að gerð stjórnendanámsins og ekki síður að hafa stuðlað að sameiginlegum heilsustyrk þar sem allir félagsmenn, hvar sem þeir búa, sitji við sama borð.

Litið yfir farinn veg

Rætt við Jóhann Baldursson, fráfarandi forseta STF

Tíminn hefur liðið ótrúlega hratt og ótrúlegt að hugsa til þess að það eru liðin tæplega 30 ár frá því ég hóf afskipti af félagsmálum stjórnenda. Þessi tími hefur verið skemmtilegur og fræðandi og hefur gefið mér mikið. Ég hef kynnst fullt af frábæru fólki og átt góðar stundir með því í starfi og leik. Fyrir það er ég þakklátur, nú þegar ég hverf úr stóli forseta. Við taka nýir og spennandi tímar," segir Jóhann Baldursson, fráfarandi forseti Sambands stjórnendafélaga.

Nær 30 ára vegferð

Við spyrjum Jóhann nánar út í feril hans á vinnumarkaði og í starfi að félagsmálum. „Ég hóf afskipti af félagsmálum vorið 1994 eftir ég hafði gengið í Verkstjórafélag Reykjavíkur sem nú heitir Brú, félag stjórnenda. Þá starfaði ég sem verkstjóri hjá Olíufélaginu ESSO yfir bílaflotanum og þegar sú deild rann inn í Olíudreifingu varð ég verkefnastjóri yfir bílaflotanum, bæði yfir viðgerðum og dreifingu á eldsneytinu. Eftir um 12 ára starf þar lá leið mín til Sjóvár og sá ég þar um viðgerðir og uppgjör vegna tjóns á stærri farartækjum og vinnuvélum. Eftir það fór ég til Króks dráttarbíla og eignaðist þar hlut í fyrirtækinu við stofnun á Bílauppboðinu og stýrði því í mörg ár. Smám saman tóku svo félagsstörfin yfir og alfarið eftir að ég tók við starfi framkvæmdastjóra sambandsins."

Hleypa yngra fólki að

Jóhann var kjörinn í stjórn Brúar í mars árið 2000, varð síðan ritari, þá gjaldkeri og loks formaður á árunum 2014-2016. Hann var gjaldkeri í stjórn VSSÍ og síðar STF á árunum 2011-2016 og framkvæmdastjóri STF frá 2016 og er það enn.

„Ég var svo kjörinn forseti STF á þinginu í Reykjavík fyrir tveimur árum en gaf ekki kost á mér nú enda stutt í mín starfslok á vinnumarkaði og mikilvægt að hleypa nýju fólki að. Ég sagði frá því á þinginu á Húsavík að ég vildi gegna áfram stöðu framkvæmdastjóra í eitt ár eða svo.

Það var allnokkur samkeppni um arftaka minn á forsetastóli á þinginu á Húsavík og varð Bjarni Þór Gústafsson hlutskarpastur. Óska ég honum góðs gengis og velfarnaðar í starfi."

Jóhann Baldursson segist í störfum sínum daglega vera minntur á ótrúlega framsýni forvera sinna innan stjórnendafélaganna þegar þeir ákváðu að stofna sjúkrasjóð STF.

Sjúkrasjóður og stjórnendanám

„Það var félagsfólki gríðarlega mikils virði þegar menn settu sjúkrasjóðinn á laggirnar og ég tala nú ekki um að þeim tókst að reka hann með þeim árangri að hann er tvímælalaust einn besti sjóðurinn sem er rekinn í dag og hefur hjálpað mörgum félaganum þegar á hefur bjátað. Þá vil ég ekki síður nefna þá framsýni að hafa lagt áherslu og metnað í að byggja upp stjórnendanámið sem alls staðar vekur athygli á vinnumarkaði. Með mikilli elju og krafti fórum við í að skipuleggja sérstakt 5 lotu stjórnendanám í samvinnu við SA sem Háskólinn á Akureyri stýrir fyrir okkur í dag og þykir það með eindæmum gott fyrir stjórnendur enda það eina sem tekur á öllum þáttum í stjórnun. Ég er sjálfur mjög hreykinn af að hafa komið að gerð þessa náms og eins að í minni tíð var komið á sameiginlegum heilsustyrk þar sem allir félagsmenn, óháð félagsaðild, sitja við sama borð."

Eigum að vera best í öllu!

„Þegar ég tók við sem forseti einsetti ég mér að reyna að auka samvinnu og samstarf félaganna innan STF. Sagan verður að meta hvernig þar hafi til tekist. Ég er hins vegar sannfærðari en nokkru sinni fyrr um mikilvægi þess að sameina hið fyrsta öll þau 10 félög sem nú mynda STF. Sameiningarmálin hafa þokast áfram þau ár sem ég hef verið forseti en menn verða að gera betur og hugsa meira um hag hins almenna félaga en ekki taka ákvarðanir í fámennum hópi, án samráðs við grasrótina. Við erum á miklum tímamótum og ef við ætlum að dafna sem sterk samtök verðum við að þróa okkur svo yngra fólk vilji koma til okkar og hafa getu til að verða best í öllum okkar gerðum. Við þurfum að vera með besta sjúkrasjóðinn, besta menntastjóðinn, bestu sumarhúsin, bestu þjónustuna út um allt land. Sem sagt best í öllu! Þetta vona ég að verði að veruleika fljótlega og hafði vonast að sjá þetta verða að veruleika í minni tíð en maður fær ekki allt. Ég lít hins vegar hreykinn yfir mitt starf og veit að margt gott hefur orðið að veruleika í minni tíð. Að lokum vil ég vona að sú mikla vinna sem fólk hefur lagt á sig á þessum félagslega vettvangi stjórnenda haldi áfram og verði samtökunum til heilla. Ég á þá ósk heitasta að nýjum forseta STF farnist vel í starfi og honum auðnist að þróa samtökin í sterka liðsheild," segir Jóhann Baldursson að lokum. ■

Jóhann heldur þakkarræðu í hófi sem haldið var í lok sambandsþingsins á Húsavík.

Boðið upp á tertu!

Á þessu ári eru 85 ár frá því Verkstjórasamband Íslands var stofnað, nú Samband stjórnendafélaga. Sambandið hefur þróast með árunum og samanstendur nú af 10 félögum um land allt. Sambandið er sterkara en nokkru sinni og hugur í forystufólki þess að sækja fram og efla samtökin enn frekar. Allt frá upphafi hefur áhersla verið lögð á menntunarmál, öflugan sjúkrasjóð og rekstur orlofshúsa. Má óhikað fullyrða að í þeim efnum standi félög stjórnenda í fremstu röð. Í tilefni afmælisins gæddu þingfulltrúar á nýafstöðnu sambandsþingi sér á gómsætri tertu og minntust brautryjendanna. ■

Jón Ólafur Vilhjálmsson skrifar

Gengið um Mývatnssveit

Ferðin sem hér er skráð var farin með ferðamálafélagi Ölfuss dagana 11.-14. ágúst 2022. Lögðum við upp frá Selfossi kl. 10 á tveimur bílum norður Sprengisand til að ganga um í Mývatnsveit og í Bárðardal. Á leiðinni var áð í Nýjadal og drukkið kaffi og borðað nesti en síðan stoppað við Hrafnabjargarfoss og hann virtur fyrir sér. Þaðan var haldið niður að Aldeyjarfossi og hann skoðaður og myndaður. Þá var keyrt að Stórutungu þar sem við gistum í þrjár nætur. Þar er ekki búið lengur en jörðin er nytjuð og húsið leigt hópum.

Skemmtileg kvöldganga

Eftir að við höfðum komið dótinu fyrir á herbergjum var tekið á það ráð að ganga að Aldeyjarfossi enda veður með ágætum. Austan við fossinn er allt annað sjónarhorn en að vestan þar sem flestir koma. Þá var einnig gengið upp með Skjálfandafljóti að fossinum Ingvararfossi og þaðan haldið aftur í náttstað. Veðrið var hið besta eins og áður sagði og varð úr þessu hin skemmtilegasta kvöldganga.

Þann 12. ágúst haldið af stað upp með Svartá inn í Svartárbotna og að Sellandafjalli og gengið á það upp að vörðum sem er hápunktur fjallsins. Það var nokkuð mistur þennan dag þannig að útsýni hefði geta verið betra. Þaðan var svo ekið að Mývatni og í náttstað.

Gullvegurinn genginn

Daginn eftir var lengsta dagleiðin farin en þá var gengið frá innanverðu Másvatni, Gullveg svokallaðan sem sumsstaðar gengur undir nafninu eyðibýlaganga en það er um 21 km að Arndísarstöðum í Bárðardal. Við hinn forna Gullveg stóðu allnokkur býli sem nú eru öll komin

Stóratunga. Þar er ekki búið lengur en jörðin er nytjuð.

í eyði. Sum hafa verið mjög smá en önnur ótrúlega stór og með mikinn fjölda búfjár miðað við að allt var slegið með orfi og ljá og engar vélar við heyöflun. Fararstjóri og leiðsögumaður var Ingólfur Pétursson, heimamaður frá Laugum og var hann á sexhjóli. Ferjaði hann fyrir okkurbakpokana og sagði sögur af ábúendum og búskaparháttum. Mýið angraði okkur nokkuð og komu flugnanetin í góðar þarfir.

Grasi gróið land

Þar sem við fórum var grasmikið og gróið land og víða menjar um fornan búskap. Við stöldruðum hjá gömlum brunni við eitt býlið og sjá mátti leifar af upphlöðnum vegarslóðum í mýrinni. Á einum stað sáum við merki um stórbýli þar sem hafa verið á milli 200 og 300 fjár. Allt landið hefur verið girt með gaddavír og var mikið um leifar af hlöðnum görðum. Þessi dagleið tók um 7 klukkustundir.

Flugnanetin komu í góðar þarfir.

og Bárðardal

Minnisvarðinn um Eyvind og Höllu á Hveravöllum.

Grasmikið og gróið land var víða að sjá.



Hér sést slóðinn og sneiðingur niður í eina lækjarsprænuna.

Land og saga samtvinnuð

Síðasta daginn var ekið af stað suður og þá ákveðið að fara Kjalveg til baka. Var áð á Hveravöllum og nestið tekið fram þar en þar er minnisvarði um Eyvind og Höllu. Þetta var mjög skemmtileg ferð og hvetjum við fólk sem er í göngum að ganga með heimaleiðsögumönnum því

Aldeyjarfoss. Takið eftir skugganum af tröllinu!

landið er eitt en sagan er annað og þegar hvort tveggja er samtvinnað gefur það umhverfinu nýjar víddir.

Orkan úr óbyggðum

Að lokum vil ég hvetja alla sem eru í krefjandi störfum að hreyfa sig utan dyra og helst þar sem ekki er farsímasamband. Við heyrum af síaukinni kulnun í starfi og það er heillaráð að fara öðru hvoru í óbyggðir eða annað þar sem símar virka ekki, kúpla sig þannig frá daglegu amstri og taka svolítið á líkamlega en koma svo fullhlaðin orku til baka. Fyrir mig hefur þessi lífsstíll veitt mér bestu heilsubót og hvíld í yfir 40 ár. Ég hvet stjórnendur til að hugsa um heilsuna – ekki bara í líkamsræktarstöðvum heldur einnig út í náttúrunni. ■

Sjúkraíbúð STF

Sjúkrasjóður STF á íbúð í Lautasmára 5 í Kópavogi sem eingöngu er leigð út vegna veikindatilfella verkstjóra/stjórnanda, maka eða barna (yngri en 18 ára) á hans framfæri. Athugið að framvísa þarf læknisvottorði eða tilvísun frá lækni vegna leigu á íbúðinni.

Íbúðin er vel búin þriggja herbergja á 7. hæð í lyftuhúsi. Á staðnum eru rúmföt, viskustykki, tuskur og ræstivörur þannig að einungis þarf að hafa með sér handklæði þegar dvalið er í íbúðinni. Leiga á hvern sólarhring er 4.000 kr. Þeir félagsmenn sem þurfa á þessari þjónustu að halda geta snúið sér til skrifstofu Samband stjórnendafélaga í síma 553-5040 frá 09:00 – 15:00 virka daga.

Þórður Sverrisson, ráðgjafi hjá Stratagem ehf. í Hafnarfirði.

Eitt félag hefði meiri slagkraft

Ég kynntist sambandinu fyrir tíu árum sem ráðgjafi í stefnumótunarvinnu og þá rann upp fyrir mér hversu sterkt og öflugt það væri. Af því leiddi að ég gekk formlega í félagið í Hafnarfirði sem nú hefur sameinast Brú, félagi stjórnenda. Ávinningur minn sem félagi er margvíslegur og felst ekki síst í aðgengi að sterkum sjúkrasjóði og orlofshúsum fyrir utan góða og persónulega þjónustu á skrifstofu sambandsins í Hlíðasmára," segir Þórður Sverrisson, ráðgjafi hjá Stratagem í Hafnarfirði.

Stratagem er ráðgjafarfyrirtæki með áherslu á stefnumótun, skipulag og stjórnun, markaðsmál og mannauðsmál. Ráðgjafar fyrirtækisins hafa áralanga reynslu af því að starfa fyrir stór og meðalstór fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök, sem hafa viljað skerpa á sýn sinni til framtíðar, stilla af skilvirkt skipulag og fá starfsfólkið með sem hreyfiafl í þeirri vegferð.

Þurfum skýra framtíðarsýn

Þórður segir mikilvægt að aðildarfélögin í STF hafi skýra sýn á það hvað komi félagsfólkinu sem best að gagni og hvernig þau geti eflt starfsemi sína frá degi til dags. Á þinginu á Húsavík hafi verið rætt um aðgerðir til að fjölga félagsfólki en mikilvægt sé að átta sig á að áður en ráðist er í aðgerðir þurfi að kortleggja stöðuna vel.

„Ef við ætlum að ná árangri þarf að skoða vel upplýsingar um umhverfið og þá samkeppni sem er við að etja, skilgreina hvaða hópa eigi að leggja mesta áherslu á, hvaða skilaboð skuli senda á hvern hóp, hvaða leiðir eigi að fara í kynningarstarfi o.s.frv. Þá þarf að grípa til aðgerða til að rétta af kynjahallann innan félaganna og gæta þess að markaðssetning á nýrri ímynd höfði til allra kynja. Allt þetta þarf að skoða mjög vel um leið og STF þarf að vera með skýra sýn á styrkleika sína og hvernig þeir eiga að birtast í ímynd þess í samfélaginu. Ég hef engar áhyggjur af vexti og nýliðun til framtíðar ef þessi vinna gengur eftir."

Tengsl við heimafólk tapist ekki

„Framtíðarsýnin í mínum huga er eitt félag, hvernig sem það er útfært rekstrarlega. Með einu sameinuðu landsfélagi næst margt fram sem snýr fyrst og fremst að betri þjónustu við félagsfólk út um allt land auk þess sem slíkt er hagkvæmra. Sameinað félag hefur mikið meiri slagkraft en lítil félög sem hafa mörg hver ekki bolmagn til að þjónusta sitt félagsfólk. Það er hins vegar ljóst að til staðar er ákveðinn ótti hjá minni félögunum um að „gleymast" í stóru félagi og tapa auk þess jarðsambandi við grasrótina heima í héraði. Hér er því nauðsynlegt að stilla skýrt fram ávinningi af einu stóru félagi, en sýna jafnframt fram á tilteknar „mótvægisaðgerðir" sem tryggja að nálægð og tengsl við heimafólk tapist ekki."

Umræðan byggi á gögnum

„Það er alltaf gott að koma saman í raunheimum og var þingið á Húsavík engin undantekning á því. Uppbygging þingsins var í sjálfu sér góð enda er stefna og framtíðarsýn eitthvað sem þarf stöðugt að vera að stilla af. Gott var að ræða þjónustu skrifstofunnar í Hlíðasmára og síðan var gagnlegt að ræða markaðsmálin sem eru gríðarlega mikilvæg. Á margan hátt skilaði umræðan ýmsum hugmyndum en mögulega hefði verið hægt að fá enn meira út úr umræðu og nefndarstörfum ef gögn hefðu borist þingfulltrúum fyrir þingið. Allar tillögur þurfa jú að byggja á gögnum þannig að umræðan verði ekki of mikið á tilfinningalegum nótum." ■

Ný stjórn – ný verkaskipting

Stjórn Sambands stjórnendafélaga, sem skipuð er fulltrúum allra aðildarfélaga, kom saman til fyrsta fundar að loknu forsetakjöri á Húsavík og skipti með sér verkum. Frá vinstri: Jóhann Baldursson framkvæmdastjóri, Viðar Þór Ástvaldsson gjaldkeri, Rögnvaldur Örn Snorrason ritari, Ásmundur Baldvinsson stjórnarmaður, Bjarni Þór Gústafsson nýkjörinn forseti, Sveinn Guðjónsson varaforseti og stjórnarmennirnir Benedikt Jóhannsson, Hreiðar Örn Zoega Stefánsson, Einar Óskarsson, Ingibjörg Ósk Erlendsdóttir, Sigurður H. Harðarson og Kristján Sveinsson. ■

Áhersla á góða þjónustu

Við hjá Bergi erum að sjálfsögðu í vinnu fyrir okkar félagsfólk og reynum að halda þannig á málum að þeir fái sem besta þjónustu og sem mest réttindi fyrir sín félagsgjöld. Stjórn félagsins leggur mikla áherslu á að hafa góða þjónustu í heimabyggð þannig að menn þurfi ekki til Reykjavíkur í tíma og ótíma með tilheyrandi kostnaði heldur geti skroppið á skrifstofuna hér hjá okkur til að fá lausn sinna mála. Slíkt er mikilvægt," segir Ingibjörg Jóhannesdóttir, skrifstofustjóri hjá Bergi, félagi stjórnenda en hún sat 40. sambandsþing STF á Húsavík.

Sameiningarhugmyndir án samstöðu

Mikil umræða hefur verið um sameiningarmál á síðustu þingum STF og svo var einnig um þingið á Húsavík. Ingibjörg segir að sameiningarhugmyndir hafi verið víða í tísku undanfarin ár og pendúllinn hafi farið fulllangt og sé farinn að sveiflast til baka.

„Í dagskrá þingsins var mikil áhersla lögð á sameiningu félaganna í eitt félag og gekk dagskráin að miklu leyti út á það. Sem almennur félagsmaður á landsbyggðinni og starfsmaður skrifstofu Bergs finnst mér að þessar tillögur um sameiningu og vinna þar að lútandi hafi gengið sinn gang án samstöðu um málið og get ekki í fljótheitum fundið hvaða ávinning ég ætti að kynna fyrir mínum félagsmönnum ef allt yrði sameinað. Þessi 10 félög STF geta verið í mjög góðu samstarfi og mögulega einhver sameinast í sterkari heildir ef þau það vilja – fá þá aðstoð frá þjónustuskrifstofunni okkar í Kópavoginum við sameininguna. Félögin mættu gjarnan samræma reglur eins og frekast er unnt til að auðvelda alla afgreiðslu mála en leyfa þeim félögum sem það vilja að hafa sína sérstöðu og þjóna sínu svæði," segir Ingibjörg.

Gaman í vinnunni

Ingibjörg segir verkefnin á skrifstofunni vera af mörgum toga en hún sé opin þrisvar í viku, þrjá tíma í senn. „Margir félagsmenn líta til mín með ýmis erindi; umsóknir, réttindaspurningar, pantanir á orlofsvefnum og

Ingibjörg Jóhannesdóttir, skrifstofustjóri hjá Bergi, félagi stjórnenda.

í heimabyggð

spurningar um Frímann, stjórnendanámið, spjall, kaffi og góð ráð. Ég veit töluvert um mjög marga hluti en er ekki sérfræðingur í neinu og ef ég get ekki leyst málið þá ýmist vísa ég þeim áfram í réttan farveg til þeirra sem sjá um viðkomandi svið hjá STF eða fæ svör frá minni stjórn. Mér finnst þetta gott fyrirkomulag – gott að geta fengið sérfræðiálit þegar þess þarf. Svo eru það almenn skrifstofustörf, pósturinn, síminn, bókhaldið fyrir Berg, félagatalið, öflun nýrra félaga, FB, heimasíðan og umsjón með orlofseignum félagsins svo eitthvað sé nefnt. Mér finnst gaman í vinnunni og er ánægð í starfi og einnig með yfirmennina, stjórnina mína," segir Ingibjörg.

Lykilatriði að fjölga félagsmönnum

Áhersla hefur verið lögð á að fjölga félagsmönnum Bergs og gengur það nokkuð vel að sögn Ingibjargar.

„Þessa stundina er heildar félagafjöldi akkúrat 400 manns en 25 nýir hafa bæst við það sem af er af þessu ári. Við höfum verið í alls konar kynningarstarfsemi en alltaf virðist maður á mann aðferðin og orðsporið um frábær réttindi og þjónustu duga best. Við reynum að ná til kvenna í stjórnunarstörfum því það er mikilvægt að rétta af kynjahallann sem er hér hjá okkur eins og í öðrum félögum STF. Ég held raunar að kynjahallinn stafi mikið til af því að á árum áður var stór hluti félagsmanna úr iðngreinum þar sem oft voru mjög karllægir vinnustaðir og konur fóru frekar í opinbera geirann. Þetta er allt að breytast, bæði fáum við félagsmenn úr mun fleiri geirum í dag og fleiri konur eru nú stjórnendur á öllum sviðum. Góð kynningarstarfsemi er lykilatriði til að fjölga félagsmönnum og þar með talið konum líka – þær þurfa að vita af okkur." ■

Á myndinni eru frá vinstri: Viðar Þór Ástvaldsson, gjaldkeri og formaður sjúkrasjóðs STF, Daníel Borgþórsson frá Styrktarfélagi HSN, Jón Helgi Björnsson, forstjóri HSN, Jóhann Johnsen, yfirlæknir HSN Húsavík og Jóhann Baldursson, framkvæmdastjóri STF.

Jóhann Johnsen yfirlæknir flutti stutt ávarp.

Góðar gjafir til Húsavíkur

Sú hefð hefur skapast að þegar Samband stjórnendafélaga heldur sín þing annað hvert ár styrki Sjúkrasjóður sambandsins eitthvert gott málefni í viðkomandi byggðarlagi. Á nýafstöðnu þingi á Húsavík var ekki brugðið út af þessari góðu venju og afhent tækjagjöf til sjúkrahússins á Húsavík að andvirði 1.750.000 króna.

Jóhann Johnsen, yfirlæknir tók við gjöfinni úr hendi Jóhanns Baldurssonar forseta STF og sagði við það tækifæri að hún væri afar kærkomin og framfaraskref fyrir rekstur sjúkrahússins og heilsugæslunnar. Sagðist hann satt að segja hafa verið gáttaðan á þessum rausnarskap og gaman hafi verið að sitja með bæklinga í hendi og velja tæki og tól að vild. Slíkt væri óvenjulegt í önn dagsins. ■

Egill Örn Sigþórsson, varaformaður Brúar, félags stjórnenda.

Þurfum að hugsa til framtíðar

Mín sýn er að það væri best að félögin innan STF sameinuðust sem eitt stórt og öflugt félag. Ef hugsað er út frá hagsmunum hins almenna félagsmanns þá væri öflugt landsfélag það sem myndi gagnast best. Með því verður yfirbyggingin hagkvæmari, upplýsingaflæði samræmt, markaðssetning yrði skilvirkari og myndi að öllum líkindum höfða til stærri og fjölbreyttari hóps stjórnenda sem myndi skila sér í stækkun félagsins. Það þarf hins vegar að útfæra sameiningu vel," segir Egill Örn Sigþórsson, varaformaður Brúar, félags stjórnenda.

Sterkt bakland nauðsynlegt

Egill Örn hefur verið félagsmaður í Verkstjóra- og stjórnendafélagi Hafnarfjarðar í 8 ár og kom inn í stjórn félagsins árið 2019. Árið 2021 tók hann við formannsembætti félagsins og fljótlega var kúrsinn settur á að vinna að sameiningu við Brú, félag stjórnenda. Egill Örn er tölvunarfræðingur að mennt og starfar hjá fyrirtækinu Dohop, á þrjá syni með eiginkonu sinni Erlu Þórisdóttur lækni en elsti sonur þeirra lést ársgamall eftir hetjulega baráttu við hvítblæði.

„Ég þekki það af eigin raun að það er gott að eiga sterkt bakland í sjúkrasjóði þegar erfið veikindi hjá okkar nánustu steðja að, nú eða okkur sjálfum. Það er því skylda okkar sem í stjórn erum að hafa þetta að leiðarljósi og gera okkar besta til þess að halda sem best við rekstri og þjónustu til félagsmanna og fjölskyldna þeirra á öllum aldri um ókomna tíð," segir Egill Örn og minnir með því á mikilvægi öflugs sjúkrasjóiðs STF.

Mun meiri þjónusta

„Með því að sameinast Brú jókst þjónustan til muna og hún nær til stærri og fjölbreyttari hóps en áður. Félagsfólk hefur m.a. aðgang að starfsmanni á skrifstofu, það á nú kost á fleiri sumarhúsum en áður og ferðastyrkir standa þeim til boða, kjósi þeir að nýta annars konar

Áttu rétt á styrk?

Félagsmenn aðildarfélaga STF eiga rétt á styrkjum úr Menntunarsjóði fyrir starfstengdu námi. Fyrirtæki geta einnig fengið niðurgreiðslu á námi tengdu starfi viðkomandi starfsmanns sem er greiðandi félagi hjá STF.

Hámarksstyrkur er 80% af námsskeiðskostnaði þó að hámarki 150.000 kr. í hverju einstöku námi. Ef um dýrara nám er að ræða eins og hjá endurmenntunardeildum háskólanna getur styrkupphæð orðið allt að 450.000 kr. Kannaðu einnig hvort fyrirtækið sem þú starfar hjá greiði það sem upp á vantar fyrir sína starfsmenn. Einfaldast er að fara inn á attin.is/umsokn/ og sækja þar um en þar er að finna upplýsingar fyrir alla helstu sjóði sem veita styrki.

gistingu eða ferðamáta en félögin bjóða upp á. Einnig gefst nú félagsmönnum kostur á að sækja um íþróttastyrk árlega, veglegt jólaball er haldið á aðventunni fyrir börn og barnabörn félagsmanna og útfararstyrkur til aðstandenda þeirra hækkaði einnig með sameiningu félaganna tveggja svo fátt eitt sé nefnt."

Egill Örn segir að sameiningin hafi gengið faglega og hratt í gegn og margt spennandi sé í vinnslu á næstu mánuðum. „Við leggjum áherslu á að geta boðið framúrskarandi og viðhaldslítil orlofshús sem nýtast félagsmönnum allt árið um kring. Í því ljósi höfum við selt tvö af eldri húsum okkar sem voru komin á tíma og erum með í byggingu þrjú hús við Kerið í Grímsnesi sem verða væntanlega afhent nú í sumar. Einnig höfum við nýlega gengið frá samningi um nýtt hús í Hlíðarfjalli við Akureyri. Hús félagsins í Hálöndunum við Akureyri verða því orðin þrjú innan skamms en það eru þau orlofshús sem hafa slegið hvað mest í gegn meðal félagsmanna. Félagið á einnig tvö eldri sumarhús í Skorradal og eitt í Grímsnesi."

Ný kynslóð stjórnenda

Á nýafstöðnu sambandsþingi fékk Brú hinn svokallaða fjölgunarbikar og við spyrjum varaformanninn hver sé galdurinn á bak við það. „Með því að þjónusta núverandi félaga vel. Það hefur sýnt sig að ánægðir félagar hafa tilhneigingu til þess að segja frá öflugu starfi og þannig sækja nýja félaga. Einnig tel ég að virkt og vandað markaðsstarf skipti miklu máli í öflun nýrra félagsmanna og þar þarf að höfða markvisst til yngri kynslóða stjórnenda og kynna þeim það öfluga starf sem fer fram innan félaga STF. Einnig er bæði brýnt og nauðsynlegt að auka hlutdeild kvenna. Konur eru að taka stærra hlutfall en áður í stjórnendastöðum í atvinnulífinu og sú staðreynd ætti að endurspeglast í kynjahlutfalli innan STF með tímanum. Ég tel að með markvissri markaðssetningu ætti okkur að takast að draga öll kyn jafnt að borðinu. Framtíð félaga STF býr í nýrri kynslóð stjórnenda sem gera kröfur um auðvelt aðgengi að upplýsingum, rafræna þjónustu og sterkar stoðir sjóða sem veita öryggi ef eitthvað bjátar á á lífsins leið." ■

Sigurður H. Harðarsson, formaður Brúar tekur við bikarnum úr hendi Jóhanns Baldurssonar framkvæmdastjóra. Á milli þeirra er Eygló Guðmundsdóttir, starfsmaður Brúar.

Mest fjölgar í Brú

Á nýafstöðu þingi sambandsins voru að venju veitt verðlaun fyrir fjölgun félagsmanna frá síðasta þingi og hlaut þau að þessu sinni Brú – félag stjórnenda. Mun því hinn svokallaði fjölgunarbikar staldra við á skrifstofu Brúar fram að næsta þingi að minnsta kosti.

Hjá Brú, sem er langfjölmennasta félagið innan STF, fjölgaði félagsfólki um 157 manns eða 14,31% sem hlýtur að teljast frábær árangur. Næst mest fjölgun varð hjá Bergi, 25 manns eða 9,09% og í þriðja sæti varð Stjórnendafélag Suðurlands þar sem bættust við 36 félagar sem er 8,80% hlutfallsleg fjölgun. – Allar tölur miðast við félagafjölda 1. janúar 2023. ■

Svipmyndir frá 40. sambandsþingi STF

Það var margt skrafað og skeggrætt á 40. sambandsþingi STF sem haldið var á Húsavík dagana 5.-7. maí sl. Berg, félag stjórnenda og Stjórnendafélag Austurlands höfðu umsjón með þinginu að þessu sinni og var mál manna að allt skipulag hafi verið með miklum ágætum. ■

Allir hressir og tilbúnir að leysa málin.

Unnur María Rafnsdóttir, formaður kjörnefndar að störfum.

Starfsfólk STF stóð í ströngu og hélt öllu til haga. Frá vinstri: Erna, Jóhanna, Guðrún og Jóhann.

Í einu fundarhléinu gæddu gestir sér á 85 ára afmælistertunni.

Þingfulltrúar og makar fjölmenntu til þingsetningar.

Safnast saman fyrir framan Hvalasafnið.

Ingólfur Hafsteinn Hjaltason stjórnaði þinginu ásamt Ásgeiri Ingva Jónssyni.



Málin krufin í starfshópi.

Jóhann Baldursson, fráfarandi forseti, bauð Bjarna Þór Gústafsson, nýkjörinn forseta velkominn til starfa í lokahófi þingsins.

Stjórnendafélögin og formenn þeirra

Brú, félag stjórnenda
Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi
Sími 562-7070 / Netfang: bfs@bfs.is
Formaður: Sigurður Haukur Harðarson
777-4777 / selmasiggi@simnet.is

Stjórnendafélagið Jaðar
Pósthólf 50, 300 Akranesi
Formaður: Kristján Sveinsson,
660-3286 / stjanisveins@gmail.com

Stjórnendafélag Vesturlands
Skólastígur 15, 340 Stykkishólmur
Formaður: Unnur María Rafnsdóttir
863-8256 / unnurm64@gmail.com

Stjórnendafélag Vestfjarða
Heiðarbraut 7, 410 Hnífsdal
Formaður: Sveinn K. Guðjónsson
863-3871 / skg@frosti.is

Stjórnendafélag
Norðurlands vestra
Formaður: Jón Örn Stefánsson
897-9078 / fiskurogskel@simnet.is



Berg félag stjórnenda
Glerártorgi, 2. hæð, 600 Akureyri
Sími 568-3000 / Netfang: bergfs@bergfs.is
Formaður: Rögnvaldur Örn Snorrason
853-0253 / timoteus61@gmail.com

Stjórnendafélag Austurlands
Austurvegur 20, 730 Reyðarfirði
Sími 864-4921 / Netfang skrifstofa@sta.is
Formaður: Benedikt Jóhannsson,
476-1463 / benni@eskja.is

Stjórnendafélag Suðurlands
Austurvegur 56, 800 Selfossi
Sími 480-5000 / Netfang: stjornandi@stjornandi.is
Formaður: Viðar Þór Ástvaldsson
863-1971 / vidarastv@gmail.com

Verkstjóra- og stjórnendafélag Vestmannaeyja
Formaður: Hreiðar Örn Zoega Stefánsson
896-8936 / hzoega@gmail.com

Stjórnendafélag Suðurnesja
Hafnargötu 15, 230 Reykjanesbæ
421-2877 / stjornsud@stjornsud.is
Formaður: Ingibjörg Ósk Erlendsdóttir
698-2995

STF
Samband stjórnendafélaga

Samband stjórnendafélaga, STF
Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi
553-5040 / 553-0220
stf@stf.is / www.stf.is
Forseti: Bjarni Þór Gústafsson, 770-1400
Framkvæmdastjóri: Jóhann Baldursson, 898-9929

ÖRYGGISVÖRUR Í MIKLU ÚRVALI

HÁIR OG LÁGIR ÖRYGGISSKÓR

FALLVARNIR & FLEIRA

KÍKTU Í VEFVERSLUNINA OKKAR DYNJANDI.IS

DYNJANDI

allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h II Sími: 588 5080 II dynjandi.is

Við styrkjum útgáfu STF-tíðinda

STJÓRNENDAFÉLAG
SUÐURLANDS

Austurvegi 56, 800 Selfoss
Sími 480 5000
Netfang: stjornandi@stjornandi.is
www.stjornandi.is

STJÓRNENDAFÉLAG
SUÐURNESJA

Stjórnendafélag Suðurnesja

Hafnargötu 15, 230 Keflavík
Formaður Ingibjörg Ósk Erlendsdóttir
Sími 421 2877 - GSM 698 2995
Netfang: stjornsud@stjornsud.is

BRÚ
FÉLAG STJÓRNENDA

Hlíðasmára 8, 2. hæð, 201 Kópavogur
Sími 562-7070
Netfang: bfs@bfs.is
Veffang: www.bfs.is
Skrifstofa félagsins er opin
virka daga frá kl. 9-14

STJÓRNENDAFÉLAG
AUSTURLANDS

Stjórnendafélags Austurlands

Austurvegi 20, 730 Reyðarfirði
Heimasíða: sta.is
Netfang: skrifstofa@sta.is
Formaður Benedikt Jóhannsson
GSM 864 4963 - benni@eskja.is

SFV

Stjórnendafélag Vestfjarða

Heiðarbraut 7, 410 Hnífsdal
Formaður Sveinn K. Guðjónsson
GSM 863 3871
Netfang: skg@frosti.is

BERG FÉLAG STJÓRNENDA
NORÐURLANDI EYSTRA

Berg félag stjórnenda

Glerártorgi 2.hæð 600 Akureyri
Sími 568-3000
Formaður: Rögnvaldur Örn Snorrason
GSM 853 0253
Netfang: bergfs@bergfs.is

STJÓRNENDAFÉLAGIÐ
JAÐAR - AKRANESI

Pósthólf 50 - 300 Akranes
Formaður: Kristján Sveinsson
GSM 660 3286
Netfang: stjanisveins@gmail.com

STJÓRNENDAFÉLAG
NORÐURLANDS VESTRA

Stjórnendafélag Norðurlands vestra

Formaður: Jón Örn Stefánsson
GSM 897 9078
Netfang: fiskurogskel@simnet.is

STJÓRNVEST
STJÓRNENDAFÉLAG VESTURLANDS

Stjórnendafélag Vesturlands

Skólastígur 15, 340 Stykkishólmi
Sími 864 8852
Formaður: Unnur María Rafnsdóttir
GSM 863 8256
Netfang: unnurm64@gmail.com

vfv
Verkstjórafélag Vestmannaeyja

Verkstjóra- og stjórnendafélag Vestmannaeyja

Formaður: Hreiðar Örn Zoega Stefánsson
Sími 896 8936
Netfang: hzoega@gmail.com

STF
Samband stjórnendafélaga

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi - Símar 553-5040 / 553-0220
Netfang: stf@stf.is - Veffang: www.stf.is

KROSSGÁTAN

H. E.	Fisk-urinn	Tré Rella	Ótul Hró	Suða Hungur	Grenja Eyði	Fiskj-ar	Dorgar	Sáðlönd	Slá	Fyrrv. stjórnm-flokkur	Kona Komast yfir	Heimili
Stór-fiskar					1.							
Þeltir Ópétt Afana	3.						4.					
Keyrt Frystir									3 eins / Pumpur			
Á innri hlið						Skor-dýrið / Askar						
Umbúð-irnar			6.					Forliður / Óhreinki				Kjaftur
Bættum við Mjög löng												
Yfir-stétt Forfeður					2.		Bygg-ingu / Samhl.	7.				5.
Smá-bitir í Kven-dýrið		8.							9.			

SUDOKU

4				3	5			
	5	8	9			3		4
		6				9	5	
	7			5			1	
		9						
			7		8			5
		3		4	1			
								7
				2		1	6	

				4	6		7	1
	4		2		1			
	9			8				6
	6	1						2
			7	2			6	
		8						
	1				7	8		
3			5					
4	7	5					3	

Í Sudoku er þrautin fólgin í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9.

Í hverri níu reita línu (láréttri og lóðréttri) eiga allar tölurnar einnig að birtast og má aldrei tvítaka neina þeirra.

Fjölbreyttar reimalausnir fyrir alla flutninga

Sterkbyggðu M5085 böndin eru einstaklega þrifavæn

Lestarbönd í miklu úrvali

Erum sterk í öllum matvælaböndum hvort sem er á sjó eða landi





Þéttilistar fyrir lestarlúgur og vatnsþétt skilrúm

GÚMMÍSTEYPA
Þ. LÁRUSSON EHF.

1952
2022

Gylfaflöt 3 • 112 Reykjavík • Sími: 567 4467 • gummisteypa@gummisteypa.is • www.gummisteypa.is

Stólpi Gámar
fyrir atvinnulífið

Stólpi Gámar bjóða gámalausnir fyrir atvinnulífið – til leigu eða sölu

- þurrgáma
- hitastýrða gáma
- geymslugáma
- einangraða gáma
- fleti og tankgáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, húseiningar frá **Algeco**, færanlega starfsmannaaðstöðu frá **EuroWagon**, gámar og vöruskemmur frá **BOS**, vörulyftur frá **Maber** og skemmur frá **Hallgruppen**.

Rakaskiljur og blásara frá **Heylo**, rykvarnarkerfi frá **ZIPWALL**, og parket-og vinilklippur frá **BULLET TOOLS**.

Hafðu samband
568 0100

www.stolpigamar.is

Stólpi Gámar

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík